

Fundur í fagraði nautgriparæktar 15. júlí 2019

Fundargerð

Fundurinn var haldinn 15. júlí 2019 og var símafundur sem hófst kl. 20.30.

Mættir: Þórarinn Leifsson, Herdís Magna Gunnarsdóttir, Andri Már Sigurðsson, Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir og Guðmundur Jóhannesson er ritaði fundargerð. Björn S. Gunnarsson og Hafþór Finnbogason boðuðu forföll.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Nýtt kynbótamat, reynd naut í dreifingu og nauksfeður til notkunar næstu mánuði.
3. Erfðamengisúrvalið – staða og framhald
4. Lokaskýrslur verkefna frá RML
5. Önnur mál

1. Fundarsetning.

Þórarinn Leifsson, formaður fagraðs, setti fund og stýrði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna til fundar. Fundargerð síðasta fundar samþykkt en hún hafði áður verið afgreidd óformlega í tölvupósti.

2. Nýtt kynbótamat, reynd naut í dreifingu og nauksfeður til notkunar næstu mánuði.

Guðmundur fór yfir helstu niðurstöður nýs kynbótamats sem lokið var við í síðustu viku. Helstu niðurstöður eru þær að þau reyndu naut sem eru í dreifingu halda sinni fyrri stöðu með þeim undantekningum að Bárður 13027 lækkar um 3 stig og Víkingur 13017 lækkar um 2 stig. Nautaárgangur 2014 virðist ekki ætla að skila miklu þó þar megi finna frambærileg naut.

Ákveðið að setja Kláus 14031, Stála 14050 og Svan 14068 í notkun sem reynd naut til viðbótar við þau sem fyrir eru.

Nauksfeður til notkunar næstu mánuði verði áfram Bakkus 12001, Sjarmi 12090, Jörfi 13011 og Hálfmáni 13022. Ákveðið að taka Bárð 13027 af lista yfir nauksfeður.

3. Erfðamengisúrvalið – staða og framhald.

Guðmundur fór yfir stöðu verkefnisins en að undanfögnu hefur verið unnið að leiðréttingum á ætterni samkvæmt arfgerðargreiningum. Til þess að ljúka þeirri vinnu er beðið eftir leiðréttingum á villum við tengingu einstaklingsnúmera og sýnanúmera sem virðast hafa orðið hjá Eurofins í Danmörku.

Varðandi framhaldið er beðið eftir tilboði frá Eurofins um verð á áframhaldandi arfgerðargreiningum. Umfang þeirrar sýnatöku sem ráðast þarf í til að viðhalda og auka fjölda arfgerðargreininga fer eftir öryggi spálíkana sem Egill Gautason reiknar með að geta hafið vinnslu á að lokinni kynbótamatskeyrslu í september.

Guðmundi falið að taka saman minnisblað um væntanlegan ávinning, breytingar sem erfðamengisúrval hefur í för með sér, væntanlegt umfang og kostnað við verkefnið til samninganefndar bænda (BÍ og LK) vegna vinnu við endurskoðun nautgriparæktarsamnings.

4. Lokaskýrslur verkefna frá RML.

Farið yfir lokaskýrslu frá RML um innleiðingu á „LEAN management“ í ráðgjöf í nautgriparækt.

Lokaskýrslan samþykkt og verkefninu telst því lokið á fullnægjandi hátt.

Farið yfir lokaskýrslu frá RML um eflingu nautakjötsframleiðslu sem búgrein, bæði rekstrarlega og faglega til að auka gæði þess kjöts sem framleitt er. Fram kemur í skýrslunni að mikil vinna og orka fór í þetta verkefni og kannski helsti lærdómurinn að frekar hefði átt að einblína á að aðstoða bændur við að koma upp fullnægjandi afurðar og bókhaldsgögnum fremur en að ganga á eftir þeim eins og reynt var að gera. Því eins og áður sagði voru þessar skráningar ýmist ekki fyrir hendi eða erfitt að aðgreina þær. Þar sem ekki voru forsendur fyrir því að ljúka verkefninu samkvæmt áætlun mun RML ekki sækja það sem eftir stendur af styrkloforði.

Fagráð gerir ekki athugasemdir við þessi verkefnalok en væntir þess að framhald verði á faglegri eflingu nautakjötsframleiðslunnar sem búgrein.

5. Önnur mál.

Gunnfríður sagði frá verkefni sem fékk styrk úr þróunarsjóði nautgriparæktarinnar nú í vor en markmið þess er að skoða umhverfis- og atferlisþætti sem hafa áhrif á frjósemi holdakúa og skoða þá þætti sem hafa áhrif á árangur sæðinga ásamt því útbúa grunnleiðbeiningar hvernig haga skuli framkvæmd þeirra svo árangur verði sem bestur. Búið er að meta skap gripanna og fylgst hefur verið með beiðslum. Þær hafa sýnt lítil beiðsliseinkenni og verið sæddar eftir leiðbeiningum dýralæknis út frá líklegum tíma. Raunin er sú að þær hafa verið sæddar á góðum tíma eða nærri egglosi að mati frjótækni. Nú þegar hafa komið fram athyglisverðar niðurstöður og mjög líklegt að útkoman verði góðar leiðbeiningar til bænda um hvernig standa skuli að sæðingum holdakúa.

Töluvert rætt um sæðingar á holdakúm og hvenær Nautís komi til með að geta afgreitt sæði úr nýju Angus-nautunum. Þar er hins vegar beðið niðurstaðna úr sýnatökum að lokinni sóttkví auk þess sem um er að ræða unga nautkálfa sem alls endis óvíst er hvernig muni bregðast við og reynast til sæðistöku.

Næsti fundur ákveðinn þriðjudaginn 6. ágúst og þá verður farið yfir hagræn vægi eiginleika.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Þórarinn Leifsson
(sign.)

Guðmundur Jóhannesson
(sign.)

Andri Már Sigurðsson
(sign.)

Herdís Magna Gunnarsdóttir
(sign.)

Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir
(sign.)

Fylgiskjöl:

1. Fundargerð 31. maí 2019
2. Niðurstöður kynbótamats í nautgriparækt – júní 2019
3. Lokaskýrslur verkefna frá RML